

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. maí 2024
Málsnúmer: 202405-0009
SS/SBR/LA

Efni: Umsögn um erindi Breiðafjarðarnefndar varðandi mögulega endurheimt Hraunsfjarðar.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu sem barst þann 3. maí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Breiðafjarðarnefndar til ráðuneytisins þar sem lagt er til að farið sé í framkvæmdir með það að markmiði að endurheimta náttúrulegar fjörur í Hraunsfirði.

Til lagðar framkvæmdir fela í sér nokkur skref, fyrsta og mikilvægasta skrefið að fjarlægja stíflu og grjótgarð við Mjósund sem myndi opna fyrir vatnsskipti í firðinum og endurheimta regluleg sjávarföll, annað skrefið væri að fjarlægja gömul mannvirki tengt fiskeldi og það þriðja að fjarlægja landfyllingu sem hamlar einnig fullu flæði sjávar gegnum Mjósund.

Með framkvæmdinni yrðu breytingar á vatnshlotinu í Hraunsfirði sem í dag er orðið strandvatn og ef vel tekst til gætu leirur þær sem einkenndu svæðið áður en stíflan var gerð árið 1987 endurheimst með væntanlegum jákvæðum áhrifum fyrir lífríki svæðisins en leirur eru lífauðug vistkerfi með hátt verndargildi og m.a. mikilvæg búsvæði fyrir margar fuglategundir.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur þessar hugmyndir Breiðafjarðarnefndar mjög áhugaverðar og styður þær eindregið. Tækifæri er fyrir mjög mikilvægt tilraunaverkefni sem ef vel tekst til gæti orðið umfangsmesta endurheimt fjörusvæða á Íslandi hingað til. Slík framkvæmd myndi styðja mjög vel við markmið Íslands um aukna áherslu á endurheimt raskaðra vistkerfa sem Ísland hefur m.a. samþykkt alþjóðlegar skuldbindingar um t.d. sem hluti af Kunming-Montreal Samkomulaginu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni sem samþykkt var á fundi Samnings Sameinuðu Þjóðanna um Líffræðilega Fjölbreytni (CBD) í desember 2022. Fleiri vísanir eru í alþjóðlegar skuldbindingar og áherslur sem m.a. er fjallað um í greinargerð Breiðafjarðarnefndar.

Náttúrufræðistofnun hvetur því umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytið til að taka tillögu Breiðafjarðarnefndar til alvarlegrar skoðunar í góðu samráði við lykilaðila svo sem viðeigandi sveitarfélög og landeigendur, og lykilfagstofnanir s.s. Hafrannsóknarstofnun, Fiskistofu, Náttúrustofu Vesturlands auk Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun vill benda á nokkur atriði til að hafa í huga. Í fyrsta lagi að gætt sé að því hvenær árs farið er í framkvæmdina til að valda sem minnstum neikvæðum áhrifum á lífríki, að almennt forðast allt óþarfa rask við framkvæmdina, að hafa í huga að þverun Seljafjarðar getur haft áhrif á sjávarföll í Hraunsfirði og þar með ekki víst að upprunalegt ástand muni nást í Hraunsfirði þrátt fyrir framkvæmdina, og að lokum að hvetja til þess að bæði fyrir og eftir framkvæmd verði farið í vöktun til þess að hægt sé að fylgjast með árangri og þannig vera fyrirmyndardæmi fyrir aðra í endurheimt fjörusvæða af þessum toga.



Náttúrufræðistofnun vill einnig leggja áherslu á náttúruverndargildi svæðisins en Hraunsfjörður og svæðið austan við hann eru á náttúruminjaskrá (C-hluta); Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn (nr. 227). Hraunið sem nær stíflaði Hraunsfjörð á nútíma er komið úr gígnum Gráukúlu. Hraunsfjörður, Berserkjahraun og gjallgígarnir hafa hátt verndargildi. Til viðbótar við mögulega endurheimt er ástæða til að skoða hvort hægt sé að styrkja verndun Hraunsfjarðar þ.m.t. Berserkjahrauns og gjallgíganna.

Náttúrufræðistofnun ítrekar að stofnunin fagnar framtaki Breiðafjarðarnefndar og er tilbúin til frekari umræðu og ráðgjöf varðandi málið.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

